

Garðabæ, 16.október 2017.

Hr. bæjarstjóri, Gunnar Einarsson,
Bæjarskrifstofum Garðabæjar,
Garðatorgi,
210 Garðabæ.

Kæri bæjarstjóri og bæjarstjórn Garðabæjar,

Ég vil byrja á að þakka veittan styrk á liðnum árum, sem komið hefur sér mjög vel og er það einlæg von okkar að þið sjáið ykkur fært að styðja áfram við bakið á okkur, en sá stuðningur er ómetalegur.

Við urðum þeirrar ánægju aðnjótandi í vor að Gunnar sá sér fært að mæta á Ísafold og sjá í hverju starfsemi Elligleði er fölginn, vonum við að hann hafi séð ánægjuna sem vistmenn höfðu af söng Stefáns Helga, en rannsóknir sýna að lög og textar er eitt af því sem fólk haldið minnissjúkdómum man hvað lengst.

Elligleði var stofnuð árið 2009 af þeim Margréti Sesselju Magnúsdóttur og Stefáni Helga Stefánssyni, tenórsöngvara, í þeim tilgangi að gleðja fólk sem haldið er minnissjúkdómum t.d. Alzheimer.

Hafa þau undanfarin 8 ár farið í heimsóknir á lokaðar deildir og dagstofnanir á höfuðborgarsvæðinu, þar sem Stefán Helgi syngur gömul og góð lög, sem hinir sjúku þekkja og njóta sýnilega mjög vel að hlusta á.

Þetta var í upphafi hugsað sem skemmtun fyrir fólkið, en að mati starfsfólks er hér ekki eingöngu um skemmtun að ræða, heldur ekki síður meðferðarúrræði.

Farið hefur verið annan hvern mánuð á allar þrjár deildirnar sem eru á Ísafold. Kostnaður við hverja heimsókn er óbreyttur á milli ára eða kr. 45.000 hver heimsókn, (3x15.000), þannig að á ársgrundvelli er kostnaðurinn kr. 270.000, sem eru laun söngvarans og akstur, öll önnur starfsemi er unnin í sjálfbæðavinnu. Nú er hins vegar svo komið að ekki verður hægt að halda uppi óskertri starfsemi nema takist að afla aukins fjár.

Þess vegna snúum við okkur til ykkar aftur í þeirri von að þið sjáið ykkur fært að veita okkur fjárhagsstuðning til að halda áfram óskertri starfsemi.

Ég ætla að sleppa fleiri orðum um áhrif þau sem þessar heimsóknir hafa á heimilisfólk Ísafoldar, heldur biðja ykkur góðfúslega að hafa samband við starfsfólkið og fá álit þeirra. Vil einnig benda á heimasíðuna www.elligleði.123.is.

Með fyrirfram þökk fyrir skilning og jákvæða afgreiðslu.

Með bestu kveðju,
f.h. Elligleði slf, kt.680415-0480.


Þórunn Lúðvíksdóttir,
Brúnási 21, Gbæ.
netfang: atc@internet.is

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	18.10.2017
Málalýkill	02.50
Mál nr.	1710189

